

Sveitarfélagið Hornafjörður

Hafnarbraut 27

780 Höfn í Hornafirði



Hornafirði, 26. nóvember 2024

Til stýrihóps um byggingu nýs íþróttahúss á Höfn og til Bæjarráðs sveitarfélagsins Hornafjarðar

Vegna: Greiningar á valkostum um byggingu nýs íþróttahúss á Höfn.

Stjórn Ungmennasambandsins Útljóts, USÚ, vill ítreka ábendingar sínar sem sendar voru stýrihópnum 18. september 2024 hvað varðar kosti tillögu C umfram aðra kosti.

Eftirfarandi atriði eru meðal þeirra sem komu fram í erindinu 18. september:

Eftir að hafa kynnt sér valkostina telur stjórn USÚ kost C ákjósanlegastan. Með honum fækkar hvorki æfingavöllum fyrir knattspyrnu né er þrengt um of að frjálsíþróttum. Stjórn USÚ hefur áhuga á að áfram verði hægt að halda Unglingalandsmót UMFÍ á Höfn og því þurfa að vera til staðar nægir knattspyrnuvelli auk sómasamlegrar frjálsíþróttaaðstöðu. Unglingalandsmót UMFÍ hefur gríðarlegt forvarnargildi fyrir börn og unglinga. Stjórn USÚ telur afar mikilvægt að Höfn verði áfram mögulegur mótstaður meðal annars til þess að ýta undir uppbyggingu og viðhald æfinga- og keppnissvæða, auk þess sem þau mót sem haldin hafa verið á Höfn hafa skilað talsverðum rekstarafgangi sem hefur farið að langmestu leyti til aðildarfélaganna. Sveitarfélag sem vill kalla sig heilsueflandi samfélag hlýtur að vilja róa að því öllum árum.

Stjórn USÚ vill einnig ítreka mikilvægi sambættingar á íþrótt- og lýðheilsustarfi. Tillaga C virðist vera best til þess fallin að sameina íþrótt- og lýðheilsustarf undir nokkurn veginn einu þaki íþróttamiðstöðvar sem allt samfélagið hefur aðgang að en er ekki takmarkað við ákveðnar íþróttagreinar. Mikilvægt er að efling íþrótt- og lýðheilsustarfs fatlaðra, eldri borgara og samfélagsins alls sé líka höfð að leiðarljósi í allri ákvarðanatöku í þessum málum.

Stjórn USÚ hefur einnig rýnt kostnaðaráætlanir fyrir valkostina, skjal sem birt var með fundargerð Fræðslu- og frístundanefndar sveitarfélagsins 20. nóvember sl. Þegar þetta er ritað er reyndar búið að fjarlægja skjalið út úr fundargerðinni. Það þarf ekki langan lestur til að sjá að valkostur C er einnig hagstæðastur. Hann innifelur bygginguna sjálfa, færslu á frjálsíþrótt- og knattspyrnuvelli og byggingu innisundlaugar á 3,8 milljarða króna, á meðan aðrir valkostir innihalda hvorki endurgerð á frjálsíþrótt- og knattspyrnuvelli né byggingu innisundlaugar. Valkostir A og B eru samt annað hvort dýrari eða nánast jafn dýrir.

Stjórn USÚ þykir raunar umhugsunarefni að dæmið hafi verið sett svona upp, því í rauninni hefði átt að hækka samtalsstölu við tillögur A og B um þær 728 milljónir króna sem tilgreindar eru neðanmáls á bls. 3, því það er óumdeilt að nauðsynlegt verður að fara í endurgerð frjálsíþrótt- og knattspyrnuvallar samhliða byggingunni eða strax eftir að hún er risin og æskilegt fyrir margra hluta sakir að byggð verði innisundlaug, þó ekki nema bara til þess að sveitarfélagið geti boðið upp á ungbarnasund. Tillaga C hefur einnig þann ótvíræða kost umfram tillögu B að fimleikakendur geta verið svo til algjörlega í friði með sinn búnað, en samt ekki fjarri hinum greinunum, eins og væri t.d. í leið A. Fyrir utan þetta er rekstrar- og viðhaldskostnaður umtalsvert lægri í tillögu C heldur en í hinum tillögum. Það er væntanlega m.a. vegna þess að í tillögu A

verður umsjón íþróttamannvirkja á svæðinu á þremur stöðum, en ekki einum eins og æskilegt væri.

Í lokin má þó nefna að stjórn USÚ telur að bygging stúku við frjálsíþrótt- og knattspyrnuvöllinn sé ótímabær að svo stöddu, en sjálfsagt að reiknað sé með plássi fyrir hana á síðari stigum. Svipað má segja um uppsetningu flóðljósa, en sjálfsagt að gert sé ráð fyrir þeim lögnum sem þeim fylgja.

Stjórn Ungmennasambandsins Úlfjós

Jóhanna Íris Ingólfssdóttir, Jón Guðni Sigurðsson og Sigurður Óskar Jónsson